# Umsókn um styrk vegna þróunarverkefnis í samræmdri móttöku flóttafólks

## Upplýsingar um sveitarfélag

**Nafn**: Akraneskaupstaður
**Kennitala**: 410169-4449
**Bankareikningur**: 0326-26-2646
**Heimilisfang**: Dalbraut 4
**Póstnúmer**: 300
**Sími**: 433-1000
**Netfang**: akranes@akranes.is

## Tengiliður vegna styrkumsóknar

**Nafn**: Guðrún Þ. Sturlaugsdóttir
**Kennitala**: 161092-2669
**Sími**: 433-1062
**Netfang**: duna@akranes.is

## Um verkefnið

**Heiti verkefnis**: Af stað – Virkni og samfélagsleg þátttaka flóttafólks
**Fjárhæð sem sótt er um**: 10 milljónir króna
**Áætlaður heildarkostnaður í krónum**: 5-10 milljónir
**Lýsing á verkefni**: Óskað er eftir styrk til þess að fara af stað með verkefni sem snýst um að efla flóttafólk í samræmdri móttöku til virknis og samfélagslegri þátttöku innan sveitarfélagsins. Akraneskaupstaður gerir 6 mánaða ráðningasamning, í 50% starf, við 1-5 flóttafólk sem hefur áhuga á því að byrja að vinna á Íslandi, vill reyna að læra tungumálið og kynnast fólki. Flóttafólk hefur þá tök á því að starfa innan stofnanna Akraneskaupstaðar í 6 mánuði.
**Markmið, eðli og umfang verkefnis**: Markmið verkefnisins er að efla flóttafólk til þess að taka þátt í íslensku samfélagi, aðstoða þau við að fá vinnu, að búa til gott aðgengi að tungumálinu og virkja þau á samfélagslegan hátt. Akraneskaupstaður hefur á sínum snærum m.a. tvo grunnskóla, fjóra leikskóla, tónlistarskóla, tvö íþróttamannvirki, Fjöliðjuna, búsetuþjónustur, félagsmiðstöðvar, þrjú frístundaheimili, bókasafn, byggðasafn, endurhæfingamiðstöð, slökkvilið og sambýli. Flóttafólk yrði því ráðið tímabundið til starfa á

stofnanir Akraneskaupstaðar og fengju þar laun ásamt hlut af fjárhagsaðstoð á meðan ef þess er þörf. Þegar að virkni og samfélagsþátttöku-tímabilinu líkur, þá hafa þau sótt sér dýrmæta reynslu á vinnumarkaði sem fer svo í ferilskrá, þau hafa mögulega hætt á og/eða minnkað fjárhagsaðstoð og meiri líkur eru á því að þau fái sama starf áfram og/eða önnur störf hjá sveitarfélaginu eða utan þess. Umfang verkefnis fer eftir styrkveitingu en óskað yrði sérstaklega eftir 5x 50% stöðugildum í sex mánuði. Starfsmenn Akraneskaupstaðar, á Velferðar- og mannréttindasviði sjá um ráðningasamning og utanumhald á hverju stöðugildi fyrir sig.

**Verkefni hefst**: 01.01.25

**Verkefni lýkur**: 31.12.25

**Tíma- og verkáætlun:**

## Af stað – Virkni og samfélagsleg þátttaka flóttafólks

*Tímabil í vikum. Verkefni byrjar 06.01.25*

| | | | | | | | Period Highlight: 1 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verkþáttur** | **Tímabil** | **PLAN START** í hvaða viku á að byrja | **PLAN DURATION** fjöldi vikna áætl. | **ACTUAL START** raun byrj.vika | **ACTUAL DURATION** fjöldi vikna raun | **PERCENT COMPLETE** Hversu mörg % búin | *jan.24* **1** |
| **Greining & verkefnisáætlun** | Janúar-febrúar | 2 | 6 | 0 | 0 | **0%** | |
| **Kynning á verkefninu fyrir stofnanir Akraneskaupstaðar og flóttafólk í samræmdri móttöku** | febrúar-apríl | 8 | 6 | 0 | 0 | **0%** | |
| **Ráða flóttafólk í störf hjá stofnunum Akraneskaupstað** | Apríl-júní | 14 | 9 | 0 | 0 | **0%** | |
| **Fylgja eftir flóttafólki í starfi í samvinnu við forstöðumenn stofnanna** | Júní-desember | 23 | 26 | 0 | 0 | **0%** | |

**Ávinningur af verkefninu metinn**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Desember-janúar | 49 | 5 | 0 | 0 | 0% |

**Greinið frá með hvaða hætti árangur verkefnisins verður metinn:** Árangur verkefnisins verður metinn á nokkra vegu. M.a. verður það huglæg upplifun og líðan flóttafólksins, minnkuð fjárhagsaðstoð, með áframhaldandi starfi innan sveitarfélagsins og/eða annars starfs utan þess vegna þeirra reynslu sem þau fengu í starfi verkefnisins, aukin réttindi vegna atvinnu (atvinnuleysisbætur o.fl.).

**Samstarfsaðilar:** Akraneskaupstaður

**Sundurliðuð fjárhagsáætlun**

| Kostnaðarliðir | Kostnaður |
|---|---|
| Laun | 10.000.000 |
| Verktakar | 0 |
| Leyfisgjöld | 0 |
| Vörukaup | 0 |
| Auglýsingar | 0 |
| Ferðakostnaður | 0 |
| Prentkostnaður | 0 |
| Veitingar | 0 |
| Annað | 0 |
| **Samtals** | **10.000.000** |

**DÆMI:** Launakostnaður fyrir skólaliða í grunnskóla Akraneskaupstaðar væri um 1.900.000kr fyrir 50% starf í 6 mánuði. Starfsmaður á leikskóla væri um 2.050.000kr fyrir 50% starf í 6 mánuði.

**Aðrar upplýsingar**

*Annað sem umsækjandi vill taka fram*

**Fylgiskjöl**

*Verkefnisáætlun – Af stað*